

92

21. sept.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna breytingar á gengi sterlingspunds gagnvart dollar, og til að halda gengi íslenzkrar krónu gagnvart sterlingspundi óbreyttu og þannig koma í veg fyrir að íslenzkar útflutningsafurðir lækki í verði, telji ríkisstjórnin brýna nauðsyn bera til að breyta nú þegar lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, hljóði þannig:

Sölugengi erlends gjaldeyris skal vera kr. 26.22 — krónur tuttugu og sex tuttugu og tveir — hvert sterlingspund (£), og annarrar erlendrar myntar í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

93

4. ágúst

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að fyrir síðasta Alþingi hafi verið lagt frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, og var frumvarpið samþykkt í neðri deild þingsins og fjórir af fimm nefndarmönnum landbúnaðarnefndar efri deildar mæltu með samþykkt þess, en frumvarpið náði þó ekki fram að ganga á því þingi. Hins vegar þurfa lög þessa efnis að koma til framkvæmda nú þegar, ef þau eiga að ná tilgangi sínum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið: